



Fréttatilkynning  
til fjölmiðla  
frá skrifstofu forseta Íslands

## EYRARRÓSin athöfn á Bessastöðum

Athygli fjölmiðla er vakin á því að Eyrarrósinn verður afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum nú **á sunnudaginn 13. febrúar kl 14:00**. Viðstaddir athöfnina verða m.a. fulltrúar tilnefndra verkefna, fulltrúar sveitarfélaga og forystumenn í heimabyggðum.

Eyrarrósinn er sérstök viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni sem Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands hafa sett á stofn. Verndari Eyrarrósarinnar er Dorrit Moussaieff forsetafrú og mun hún afhenda viðurkenninguna og verðlaunagripinn.

Þrjú verkefni hafa verið tilnefnd til Eyrarrósarinnar 2011:

- *700IS Hreindýraland, Egilsstöðum*
- *Sumartónleikar í Skálholtskirkju*
- *Þórbergssetur, Hala í Suðursveit*

Eitt þessara verkefna hlýtur verðlaunafé að upphæð 1,5 milljónir króna og verðlaunagrip sem Steinunn Þórarinsdóttir myndlistarkona hefur gert.

Fréttamönnum og ljósmyndurum er velkomið að vera viðstaddir athöfnina á Bessastöðum en nánari upplýsingar um Eyrarrósina veita Guðrún Norðfjörð, framkvæmdastjóri Listahátíðar, í síma 866 6010 og Steinunn Þórhallsdóttir, kynningarstjóri hjá Listahátíð í Reykjavík, í síma 862 3242.

*11. febrúar 2011*